**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**
**annars vegar**
**og**
**Félag háskólakennara á Akureyri**
**hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

**1. gr.**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**

**Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

*Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.*

**3. gr.**

**Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

**4. gr.**

**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 21. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.



HÓ

H.S

Reykjavík, 12. apríl 2023

| | |
|---|---|
| f.h. fjármála- og efnahagsráðherra með fyrirvara um samþykki | f.h. Félags háskólakennara á Akureyri, með fyrirvara um samþykki félagsmanna |

**Bókanir og verkáætlun**
**með samkomulagi**
**fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**
**annars vegar**
**og**
**Félag háskólakennara á Akureyri**
**hins vegar**
**dags. 12. apríl 2023**

**Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að í samningnum hafi verið stigið skref í átt að leiðréttingu launatafna aðildarfélaga BHM. Í næstu kjarasamningum skal stefnt að því að færa þær til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka verði 5% hlaðsett og bil milli þrepa 2,5% hliðsett.

**Bókun 2**

Aðilar eru sammála um að frekari greininga sé þörf á kostnaði akademísks starfsfólks vegna langskólamenntunar og starfsnáms (t.d. sem nýdoktorar). Stéttarfélög háskólastigsins (FH,FHA,FPR) munu hafa frumkvæði að slíkri greiningu og verður hún kynnt og rædd á sameiginlegum fundi aðila eigi síðar en í janúar 2024. KMR mun vera aðilum innan handar eftir fremsta megni t.d. með því að veita aðgengi að gögnum.

**Verkáætlun**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.<br>Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Betri vinnutími í dagvinnu / skoðun hjá hópum sem hvorki hafa fylgiskjal 1 né bókun þar um og framlenging á bókunum þar sem það á við. | 17. apríl 2023 | 30. nóvember 2023 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu. | 17. apríl 2023 | 31. ágúst 2023 |

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| Heildartexti kjarasamnings | 2. maí 2023 | 31. maí 2023 |

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

**Fylgiskjal 1**

Launatafla A gildir frá 1. apríl 2023.

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 509.842 | 522.588 | 535.334 | 548.080 | 560.826 | 573.572 | 586.318 | 599.064 | 611.810 |
| 2 | 533.190 | 546.520 | 559.850 | 573.179 | 586.509 | 599.839 | 613.169 | 626.498 | 639.828 |
| 3 | 557.989 | 571.938 | 585.888 | 599.838 | 613.788 | 627.737 | 641.687 | 655.637 | 669.586 |
| 4 | 585.888 | 600.535 | 615.182 | 629.830 | 644.477 | 659.124 | 673.771 | 688.419 | 703.066 |
| 5 | 615.182 | 630.562 | 645.942 | 661.321 | 676.701 | 692.080 | 707.460 | 722.839 | 738.219 |
| 6 | 645.942 | 662.090 | 678.239 | 694.387 | 710.536 | 726.684 | 742.833 | 758.981 | 775.130 |
| 7 | 678.239 | 695.195 | 712.151 | 729.107 | 746.063 | 763.019 | 779.975 | 796.930 | 813.886 |
| 8 | 712.151 | 729.954 | 747.758 | 765.562 | 783.366 | 801.169 | 818.973 | 836.777 | 854.581 |
| 9 | 747.758 | 766.452 | 785.146 | 803.840 | 822.534 | 841.228 | 859.922 | 878.616 | 897.310 |
| 10 | 785.146 | 804.775 | 824.403 | 844.032 | 863.661 | 883.289 | 902.918 | 922.547 | 942.175 |
| 11 | 824.403 | 845.013 | 865.624 | 886.234 | 906.844 | 927.454 | 948.064 | 968.674 | 989.284 |
| 12 | 865.624 | 887.264 | 908.905 | 930.545 | 952.186 | 973.826 | 995.467 | 1.017.108 | 1.038.748 |
| 13 | 908.905 | 931.627 | 954.350 | 977.073 | 999.795 | 1.022.518 | 1.045.240 | 1.067.963 | 1.090.686 |
| 14 | 954.350 | 978.209 | 1.002.067 | 1.025.926 | 1.049.785 | 1.073.644 | 1.097.502 | 1.121.361 | 1.145.220 |
| 15 | 998.438 | 1.023.399 | 1.048.360 | 1.073.321 | 1.098.282 | 1.123.243 | 1.148.204 | 1.173.165 | 1.198.126 |
| 16 | 1.044.666 | 1.070.783 | 1.096.899 | 1.123.016 | 1.149.133 | 1.175.249 | 1.201.366 | 1.227.483 | 1.253.599 |
| 17 | 1.093.206 | 1.120.536 | 1.147.866 | 1.175.196 | 1.202.527 | 1.229.857 | 1.257.187 | 1.284.517 | 1.311.847 |
| 18 | 1.144.172 | 1.172.776 | 1.201.381 | 1.229.985 | 1.258.589 | 1.287.194 | 1.315.798 | 1.344.402 | 1.373.006 |
| 19 | 1.197.667 | 1.227.608 | 1.257.550 | 1.287.492 | 1.317.433 | 1.347.375 | 1.377.317 | 1.407.258 | 1.437.200 |
| 20 | 1.253.816 | 1.285.161 | 1.316.506 | 1.347.852 | 1.379.197 | 1.410.543 | 1.441.888 | 1.473.233 | 1.504.579 |

Launatafla S gildir frá 1. apríl 2023.

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 429.888 | 440.635 | 451.382 | 462.130 | 472.877 | 483.624 | 494.371 | 505.118 | 515.866 |
| 2 | 445.839 | 456.985 | 468.131 | 479.277 | 490.423 | 501.569 | 512.715 | 523.861 | 535.007 |
| 3 | 462.586 | 474.151 | 485.715 | 497.280 | 508.845 | 520.409 | 531.974 | 543.539 | 555.103 |
| 4 | 480.172 | 492.176 | 504.181 | 516.185 | 528.189 | 540.194 | 552.198 | 564.202 | 576.206 |
| 5 | 498.637 | 511.103 | 523.569 | 536.035 | 548.501 | 560.967 | 573.433 | 585.898 | 598.364 |
| 6 | 518.025 | 530.976 | 543.926 | 556.877 | 569.828 | 582.778 | 595.729 | 608.679 | 621.630 |
| 7 | 538.382 | 551.842 | 565.301 | 578.761 | 592.220 | 605.680 | 619.139 | 632.599 | 646.058 |
| 8 | 560.179 | 574.184 | 588.188 | 602.193 | 616.197 | 630.202 | 644.206 | 658.211 | 672.215 |
| 9 | 584.827 | 599.448 | 614.068 | 628.689 | 643.310 | 657.930 | 672.551 | 687.172 | 701.792 |
| 10 | 610.012 | 625.263 | 640.513 | 655.763 | 671.014 | 686.264 | 701.514 | 716.764 | 732.015 |
| 11 | 637.046 | 652.972 | 668.899 | 684.824 | 700.751 | 716.677 | 732.603 | 748.529 | 764.456 |
| 12 | 665.789 | 682.434 | 699.079 | 715.723 | 732.368 | 749.013 | 765.657 | 782.302 | 798.947 |
| 13 | 699.109 | 716.586 | 734.065 | 751.542 | 769.019 | 786.498 | 803.975 | 821.453 | 838.930 |
| 14 | 734.095 | 752.447 | 770.799 | 789.151 | 807.504 | 825.857 | 844.209 | 862.561 | 880.913 |
| 15 | 770.830 | 790.101 | 809.372 | 828.642 | 847.913 | 867.184 | 886.455 | 905.726 | 924.996 |
| 16 | 809.402 | 829.636 | 849.871 | 870.106 | 890.341 | 910.576 | 930.811 | 951.046 | 971.281 |
| 17 | 849.903 | 871.150 | 892.397 | 913.645 | 934.893 | 956.141 | 977.388 | 998.635 | 1.019.883 |
| 18 | 892.428 | 914.739 | 937.049 | 959.360 | 981.670 | 1.003.981 | 1.026.292 | 1.048.603 | 1.070.914 |
| 19 | 937.080 | 960.507 | 983.934 | 1.007.362 | 1.030.789 | 1.054.215 | 1.077.642 | 1.101.069 | 1.124.497 |
| 20 | 980.471 | 1.004.983 | 1.029.495 | 1.054.006 | 1.078.518 | 1.103.031 | 1.127.542 | 1.152.054 | 1.176.566 |
| 21 | 1.025.801 | 1.051.446 | 1.077.091 | 1.102.737 | 1.128.381 | 1.154.026 | 1.179.671 | 1.205.316 | 1.230.961 |
| 22 | 1.073.397 | 1.100.232 | 1.127.067 | 1.153.902 | 1.180.737 | 1.207.572 | 1.234.407 | 1.261.241 | 1.288.076 |